

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
14. mars 2011 10.5.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. mars 2011
Tilvísun: UST20110200123/bs

Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði - tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16 febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun:

Veglína um Litlanes. Í drögum að tillögu að matsáætlun gerði Umhverfisstofnun athugasemdir við umfang mannvirkja um Eiði og Litlanes. Vegna athugasemda Umhverfisstofnunar og eiganda Litlaness leggur Vegagerðin til nýja veglínu um Litlanes, veglínu A sem er utar á nesinu og raskar fjörum báðum megin við Litlanes.

Umhverfisstofnun telur hvorugan kostinn góðan. Miðað við hönnunarforsendur Vegagerðarinnar virðist ekki unnt að koma mannvirki af þessari stærð fyrir á Litlanesi. Önnur veglínan raskar klettum ofan núverandi vegar, en hin raskar fjörum báðum megin við Litlanes. Ekki er óþekkt hérlendis að þar sem landfræðilegar aðstæður eru sérstaklega erfiðar til vegagerðar sé fallið frá íturstu kröfum um hönnunarhraða.


Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um mögulega veglínu um Litlanes sem fellur betur að þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru á nesinu en veglínur A og B í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á landslag. Einnig ætti að fjalla um hvort unnt sé að draga úr umfangi mannvirkja um Eiði með því að minnka umfang vegarins.

Umhverfisstofnun telur að einnig eigi að fjalla um áhrif fjarðarþverana á setflutning og setmyndun við fyllingar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri